



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

2. árg. 7.– 8. tölublað. Júlí – ágúst 2006.

EFNI:

Enn aukning á lekanda	bls. 1
Tafir á afhendingu bóluafna gegn influensu	bls. 2
Hettusóttarfaraldur um garð genginn	bls. 2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

ENN AUKNING Á LEKANDATILFELLUM

Fyrstu sjö mánuði þessa árs var sóttvarnalækni tilkynnt um 21 tilfelli lekanda frá rannsóknarstofu Landspítala - háskólasjúkrahúss í sýklafræði. Árið 2005 urðu lekandatilföllin 19 að tölu, en það var helmingsaukning frá árinu 2004. Fjöldi tilfella á þessu ári er því kominn yfir heildarfjöldann á síðastliðnu ári og tilfellum fjölga enn. Karlmenntu eru í meirihluta þeirra sem sýkjast. Á þessu ári hafa greinst 15 karlar og 6 konur, flest á aldrinum 20–29 ára.

Sýkingin greinist ofast á göngudeild húð- og kynsjúkdómadeildar Landspítala - háskólasjúkrahúss, sem einnig annast meðferð og rekur smitleiðir. Aðrir sem annast greiningu og meðferð eru kvensjúkdómalæknar og heilsugæslulæknar.

Svo virðist sem stór hluti hinna sýktu síðastliðin tvö ár hafi smitast á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá göngudeild húð- og kynsjúkdóma er mest um smit í þröngum hópi einstaklinga með sögu um misnotkun fíkniefna, en hluti sjúklinga er þó utan þessa hóps.


Bakteríurnar sem valda sýkingu eru með mismunandi sýklalyfjanæmi, sem bendir til mismunandi uppruna sýkinganna. Nauðsynlegt er að fylgja meðferð eftir með ræktun að meðferð lokinni til að tryggja árangur.

Síðastliðinn áratug hafa kynsjúkdómar farið vaxandi í stórborgum Evrópu. Hópsýkingar af völdum sárásóttar, lekanda, lifrabólgu A og *lymphogranuloma venerum* hafa færst í vöxt, einna helst í hópum karla sem stunda kynlíf með körlum. Stór hluti smitaðra í stórborgum erlendis eru einnig HIV-smitaðir, en vitað er að kynsjúkdómar auka líkur á að HIV-smit berist milli manna.

Einkenni lekanda eru útferð og sviði frá þvagrás eða leggöngum. Ófrjósemi er vel þekktur fylgikvillur sýkingarinnar, einkum hjá konum. Töluverður hluti fær engin einkenni af völdum sýkingarinnar og eru konur oftár án einkenna en karlar.

Smit berst að stórum hluta frá einkennalausum einstaklingum sem ekki vita um sýkinguna. Það berst við kynmök um leggöng, en sérstaklega skal bent á að smitð

Aldur karla á Íslandi sem greinst hafa með lekanda
2000 – júlí 2006




Fjöldi lekandatilfella á þessu ári er kominn yfir heildarföldann á síðastliðnu ári og tilfellum fjölga enn.

berst einnig við munnmök og endaparmsmök. Skyndikynni auka líkur á smiti og er ráðlegt að forðast þau. Smokkanotkun dregur einnig mikið úr líkum á smiti.

Sóttvarnalæknir hvetur alla til að leita læknis

sem hugsanlega hafa orðið fyrir smiti og/eða finna fyrir einkennum frá þvag- og kynfærum. Einnig er ástæða til að hvetja lækna til að vera á varðbergi og senda sýni í ræktun þegar grunur vaknar um sýkingu.



TAFIR Á AFHENDINGU BÓLUEFNA GEGN INFLUENSU

Borist hefur tilkynning frá Samtökum evrópskra framleiðenda bóluefna (The European Vaccine Manufacturers) þess efnis að búast megi við töfum á afhendingu influensubóluefna vegna árstíðabundinnar influensu á komandi vetri. Þetta stafar af óvæntum erfiðleikum við framleiðslu bóluefnanna vegna ófullnægjandi afraksturs við

ræktun influensuveiru af stofni H3N2, sem WHO hefur mælt með að nota í bóluefni fyrir árið 2006–2007.

Af þessum sökum má búast við að bóluefni berist ekki til landsins fyrr en í byrjun október nk. Sóttvarnalæknir mun senda læknum dreifibréf á næstunni með frekari upplýsingum.

Alls var hettusótt staðfest hjá 113 einstaklingum í hettusóttarfaraldrinum. Flestir þeirra voru á aldrinum 20–25 ára.

HETTUSÓTTARFARALDUR UM GARÐ GENGINN

Eins og áður hefur komið fram í Farsóttafréttum geisadi hér á landi hettusóttarfaraldur seinni hluta ársins 2005 fram á mitt ár 2006. Alls var hettusótt staðfest hjá 113 einstaklingum og voru flestir á aldrinum 20–25 ára.

Ekkert tilfalli hefur verið staðfest hér á landi eftir maí 2006 og má því líta svo á að

faraldurinn sé um garð genginn. Fullvíst má telja að góð þátttaka einstaklinga í MMR bólusetningarátakinu, sem hófst í lok árs 2005 og beindist að einstaklingum fæddum á árunum 1981 til og með 1985, hafi skilað þessum góða árangri.